



**HÁSKÓLI
ÍSLANDS**

**Handbók um tjáskiptatölvur: Snap Core í Tobii
Dynavox**

Fyrir starfsfólk í grunnskólum og foreldra

Greinargerð

Harpa Bjarnadóttir

Lokaverkefni til BA-prófs í þroskaþjálfafraeði

Júní 2022

DEILD MENNTUNAR OG MARGBREYTILEIKA

Handbók um tjáskiptatölvur: Snap Core í Tobii Dynavox
Fyrir starfsfólk í grunnskólum og foreldra

Harpa Bjarnadóttir

Lokaverkefni til BA-prófs í þroskaþjálfafraeði
Leiðbeinandi: Ruth Jörgensdóttir Rauterberg

Deild Menntunar og margbreytileika
Menntavísindasvið Háskóla Íslands
Júní 2022

Handbók um tjáskiptatölvur: Snap Core í Tobii Dynavox - Fyrir starfsfólk í grunnskólum og foreldra

Ritgerð þessi er 10 eininga lokaverkefni til BA-prófs í þroskaþjálfafraeði við Deild Menntunar og margbreytileika á Menntavísindasviði Háskóla Íslands

© 2022 Harpa Bjarnadóttir

Ritgerðina má ekki afrita nema með leyfi höfundar.

Ágrip

Tjáning er lykilatriði í mannlegum samskiptum. Hinsvegar tjá sig ekki allir á hefðbundinn hátt og því mikilvægt að gera grein fyrir þeim hópi. Óhefðbundnar tjáskiptaleiðir eru afar mikilvægar svo allir einstaklingar óháð fötlun fái tækifæri á að mynda mannleg tengsl og taka þátt í samfélaginu. Mikil vitundarvakning hefur átt sér stað í samfélaginu á óhefðbundnum tjáskiptaleiðum en hinsvegar er ekki mikið um fræðslu til staðar. Getur það verið yfirþyrmandi fyrir aðstandendur barna sem nýta óhefðbundnar tjáskiptaleiðir til að tjá sig.

Verkefnið fólst í gerð handbókar og fræðilegrar greinargerðar. Í greinargerðinni er lögð áhersla á mikilvægi óhefðbundinna tjáskiptaleiða og hvernig störf þroskaþjálfra innan skólakerfisins geta stuðlað að árangursríkri tjáningu nemenda. Ítarlega er fjallað um óhefðbundin tjáskipti með tjáskiptatölvum og sérstök áhersla á forritið Snap Core í Tobii Dynavox tölvum. Rannsóknarspurningin sem höfð var að leiðarljósi í verkefninu er: Hvers vegna er fræðsla um óhefðbundnar tjáskiptaleiðir mikilvæg?

Markmiðið með handbókinni er að hafa aðgengilega fræðslu um forritið og tölvuna svo foreldrar barna og starfsfólk grunnskóla geti tekið virkan þátt í tjáskiptum barnanna. Að læra að nota nýja tjáskiptaleið er eins og að læra nýtt tungumál. Það tekur tíma og er þolinmæði og þrautseigja stór þáttur í því ásamt stuðningi frá nærumhverfinu. Foreldrar og starfsfólk grunnskóla eiga að vera megin fyrirmynd barns í notkun á tjáskiptatölvum og því mikilvægt að þeir séu meðvitaðir um hvernig á að nota hana á sem árangursríkasta hátt.

Efnisyfirlit

Ágrip	3
Formáli	6
1 Inngangur	7
2 Óhefðbundnar tjáskiptaleiðir	8
2.1 Mikilvægi óhefðbundinna tjáskiptaleiða	8
2.2 Hverjir nýta óhefðbundnar tjáskiptaleiðir?	9
2.3 Óhefðbundnar tjáskiptaleiðir í skólastarfi.....	10
3 Tjáskiptatölvur	11
3.1 Tobii Dynavox	11
3.1.1 Snap Core	12
3.2 Áskoranir.....	12
4 Þroskaþjálfar í starfi	13
4.1 Þroskaþjálfar í grunnskólum.....	13
4.2 Skóli án aðgreiningar	14
4.3 Snemmtækur stuðningur	15
5 Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks	17
5.1 Réttindi til tjáningar.....	17
5.2 Menntun	17
6 Handbók	19
6.1 Markhópur og markmið	19
6.2 Uppsetning	19
7 Umræður	20
8 Lokaorð	21
Heimildaskrá	23

Formáli

Þetta verkefni er 10 eininga námskeið til BA-prófs í þroskaþjálfafraeði við Háskóla Íslands. Mig hafði alltaf langað til þess að gera lokaverkefni sem væri með mikið notagildi út á vettvangi. Hugmyndina fékk ég með aðstoð samstarfsfólks og vil ég þakka fyrir aðstoðina við það. Einnig vil ég þakka mínu nánasta fólki fyrir ómetanlegan stuðning við vinnslu á þessu verkefni og í gegnum síðastliðin þrjú ár í náminu. Leiðbeinandi minn var Ruth Jörgensdóttir Rauterberg og veitti hún mér góða leiðsögn og er ég afar þakklát fyrir það. Verkefnið er mér mjög kært þar sem áhugasvið mitt innan þroskaþjálfafraeðinnar endurspeglast vel og vona ég að það nýtist öðrum til fræðslu.

Þetta lokaverkefni er samið af mér undirrituðu/undirritaðri/undirrituðum. Ég hef kynnt mér [Vísindasiðareglur Háskóla Íslands](http://www.hi.is/haskolinn/log_og_reglur) (sjá www.hi.is/haskolinn/log_og_reglur, undir Sameiginlegar reglur) Ég hef gætt viðmiða um siðferði í rannsóknum og fyllstu ráðvendni í öflun og miðlun upplýsinga, og túlkun niðurstaðna. Notkun mín á heimildum er í samræmi við 4. mgr. 54. gr. Reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009. Ég vísa til alls efnis sem ég hef sótt til annarra eða fyrri eigin verka, hvort sem um er að ræða ábendingar, myndir, efni eða orðalag. Ég þakka öllum sem lagt hafa mér lið með einum eða öðrum hætti en ber sjálf/sjálft/sjálfur ábyrgð á því sem missagt kann að vera. Þetta staðfesti ég með undirskrift minni/xx.

Reykjavík, _____. _____ 20__

1 Inngangur

Tjáskipti eru einn helsti þáttur mannlegra samskipta. Án tjáningar er afar erfitt að vera fullur þátttakandi í samfélaginu og mynda félagsleg tengsl við aðra. Ef einstaklingur upplifir að ekki sé tekið mark á hans tjáskiptum eru líkur á að hann finni fyrir mikilli vanlíðan og félagslegri einangrun (Downing, 2009). Óhefðbundnar tjáskiptaleiðir eiga stóran þátt í samfélagslegri þátttöku fatlaðs fólks og einstaklinga með skerðingar. Þær gera þeim einstaklingum kleift að láta rödd sína heyrast (Jóna G. Ingólfssdóttir, 2010). Börn sem nýta óhefðbundnar tjáskiptaleiðir til tjáningar, þurfa að finna fyrir stuðning og hvatningu frá foreldrum sínum og starfsfólki grunnskólans, til þess að læra að nota þá tjáskiptaleið sem hentar þeim best. Óhefðbundnar tjáskiptaleiðir geta verið flókna vegna innleiðingar nýrrar tækni og getur tekið tíma að læra nýja tjáskiptaleið. Mikilvægt er að foreldrar og starfsfólk grunnskóla kynni sér mismunandi óhefðbundnar tjáskiptaleiðir (Marshall og Goldbart, 2008). Það skiptir hins vegar sköpum hvers konar fræðsla er til staðar og hversu aðgengileg hún er. Rannsóknarspurningin sem höfð er að leiðarljósi í gegnum greinargerðina er: Hvers vegna er fræðsla um óhefðbundnar tjáskiptaleiðir mikilvæg?

Ástæðan fyrir vali á viðfangsefninu, var áhugi höfundar á tjáskiptatölvum og vöntun á aðgengilegri fræðslu um Tobii Dynavox tjáskiptatölvuna. Þetta form af óhefðbundnum tjáskiptaleiðum er að verða sífellt algengara, ásamt öðrum leiðum sem styðjast við tæknina sem hjálpartæki (Light og McNaughton, 2013). Handbókin er ætluð sem hnitmiðaður og skýr leiðarvísir fyrir foreldra barna og starfsfólk grunnskóla, til þess að kynna sér tjáskiptatölvuna ásamt því að kenna börnum sem þurfa á þeim að halda, til að tjá sig. Einnig verður ítarleg umfjöllun um helstu stillingar sem gott er að þekkja.

Fyrsti kafli greinargerðarinnar er um óhefðbundnar tjáskiptaleiðir. Í þeim kafla er umfjöllun um mikilvægi óhefðbundinna tjáskiptaleiða, hverjir nýta þær og hvernig skólustarf getur stuðlað að eflingu tjáningar hjá ólíkum nemendum. Þar á eftir er kafli sem fjallar almennt um tjáskiptatölvur og þar er ítarleg umfjöllun um tölvuna Tobii Dynavox, hvernig hægt er að nota hana sem tjáskiptaleið og þær áskoranir sem geta orðið til við notkun hennar. Næst kemur kafli um þroskaþjálfu í starfi. Þar er fjallað stuttlega um sögu fagstéttarinnar. Einnig er umfjöllun um hvernig starf fagstéttarinnar getur stuðlað að valdeflingu nemanda sem nota óhefðbundnar tjáskiptaleiðir. Síðar er fjallað um réttindi fatlaðs fólks til tjáningar og einblínt á samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Í lokin kemur kafli tileinkaður handbókinni sem fylgir verkefninu, ásamt umræðukafla og lokaorðum.

2 Óhefðbundnar tjáskiptaleiðir

Tjáskipti eru leið einstaklinga til þess að koma frá sér sínum skoðunum, hugsunum og þörfum. Þegar einstaklingur upplifir að tjáning sín sé ekki rétt skilin, getur það oft valdið uppnámi og erfiðleikum í hegðun sem getur leitt til mikillar einangrunar og vanlíðan (Downing, 2009). Þegar einstaklingur hefur góð tök á tjáningu sinni, stuðlar það að betri þátttöku í samfélaginu. Það geta allir tjáð sig, en það er hins vegar mismunandi hvaða tjáskiptaleið hver og einn einstaklingur notar (Jóna G. Ingólfssdóttir, 2010). Óhefðbundnar tjáskiptaleiðir eru til staðar fyrir þá einstaklinga, sem ná ekki að tjá sig á hefðbundinn hátt og eru þær eins fjölbreyttar og þær eru margar. Til eru ótal leiðir til þess að tjá sig og fer það eftir getu og þörfum hvers og eins, hvaða leið hentar best (Downing, 2009). Í þessum kafla verður nánar fjallað um mikilvægi óhefðbundinna tjáskiptaleiða, hverjir þurfa á þeim að halda, hvernig óhefðbundnar tjáskiptaleiðir eru í skólasterfi og nánar um tjáskiptatölvur sem mun vera megin viðfangsefnið í handbókinni.

2.1 Mikilvægi óhefðbundinna tjáskiptaleiða

Eins og kemur fram hér að ofan eru tjáskipti helsta leið einstaklinga til þess að eiga í samskiptum við aðra og er það afar mikilvægt til þess að vera fullur þátttakandi í samfélaginu. Ef einstaklingur hefur ekki leið til þess að tjá sig, minnkar það líkurnar á að hann myndi tilfinningaleg og félagsleg tengsl við aðra. Þetta getur valdið mikilli einangrun frá samfélaginu, sem getur valdið slæmri andlegri líðan (Light og McNaughton, 2014). Hægt er að skipta óhefðbundnum tjáskiptaleiðum í tvo flokka. Fyrri flokkurinn er tjáskiptaleið án aðstoðar og í hann flokkast til dæmis tjáning með augunum, svipbrigði og líkamlegum hreyfingum eins og táknmál. Seinni flokkurinn er tjáskiptaleið með aðstoð. Þar er nýtt tækni til þess að tjá sig, hvort sem það sé tölvutækni eða myndir. Allar óhefðbundnar tjáskiptaleiðir geta gert einstaklingum kleift að taka fullan þátt í samfélaginu án hindrana (Andzik o.fl., 2017).

Hér áður fyrr var ekki mikil þekking á óhefðbundnum tjáskiptaleiðum. Þá var ekki eins mikið um þekkingu í samfélaginu varðandi mikilvægi óhefðbundinna tjáskiptaleiða eins og nú er og einstaklingar sem þurftu á þeim að halda höfðu ekki tækifæri á að njóta þeirra réttinda að tjá sig. Á sjötta áratug 20. aldar átti sér stað vitundarvakning varðandi það, að jaðarsettir hópar búa ekki við sömu réttindi og aðrir. Það leiddi til þess að fólk með fötlun og aðrar skerðingar, fann fyrir meiri stuðning frá samfélaginu. Sú barátta er þó ekki búin, þar sem mikið valdaójafnvægi ríkir enn gagnvart fötluðu fólki. Þetta voru þó fyrstu skref í að innleiða óhefðbundnar tjáskiptaleiðir og sá hópur fólks sem notaði þær, gat tjáð sig betur og tekið meiri þátt í samfélaginu (Hourcade o.fl., 2004). Sú tjáning sem var oft á tíðum notuð, áður en

hægt var að nýta tækni til tjáskipta, voru handahreyfingar og svipbrigði. Það fór hins vegar alveg eftir getu og færni einstaklings hvernig tjáning hans var. Þær tjáningarleiðir gátu verið hentugar þegar sá sem einstaklingurinn var í samskiptum við, skildi tjáninguna. Sagan var þó önnur þegar aðrir skildu ekki tjáningarleiðina og gat það valdið mikilli vanlíðan, þirring og reiði. Í þeim aðstæðum upplifði sá sem notaði óhefðbundnar tjáskiptaleiðir, mikla samskiptaörðugleika og einangrun frá samfélaginu (Shane o.fl., 2012). Mikil bylting var í málefnum fatlaðs fólks tengt tjáningu, þegar tæknin fór að taka stærri sess í samfélaginu. Tæknin gerði einstaklingum kleift að tjá sig á sinn hátt og vera í samskiptum við aðra án þess að upplifa örðugleika. Tækni eins og tjáskiptatölvur, farsímar og spjaldtölvur tengdi saman stærri hóp fólks út um allan heim og gerði því fötluðu fólki og fólki með skerðingar, kleift að eiga í samskiptum við aðra (Shane o.fl., 2012). Rannsóknir hafa sýnt fram á, hvort sem það eru tjáskiptaleiðir með eða án aðstoðartækja, að mikil aukning hefur verið í fjölbreytni tjáskiptaleiða og aðstoðartækja sem tengjast þeim. Meiri fræðsla og þekking í samfélaginu hefur haft afar jákvæð áhrif fyrir þann hóp, sem nýtir óhefðbundnar tjáskiptaleiðir, þar sem talsverð vitundarvakning hefur átt sér stað í samfélaginu. Þar sem fjöldi fólks á öllum aldri styður sig við óhefðbundnar tjáskiptaleiðir, hefur saga óhefðbundinna tjáskiptaleiða þróast á jákvæðan hátt og gert stærri hópi fólks mögulegt að eiga í samskiptum og að mynda félagsleg tengsl við aðra (Light o.fl., 2019).

2.2 Hverjir nýta óhefðbundnar tjáskiptaleiðir?

Stór hópur fólks þarf á óhefðbundnum tjáskiptaleiðum að halda til þess að tjá sig. Það getur verið vegna fjölþættra ástæðna og mikilvægt er að gera grein fyrir þeim hópi. Oft á tíðum eiga einstaklingar með einhverfu og önnur þroskafrávik í erfiðleikum með að tjá sig. Erfiðleikarnir geta verið tengdir málskilningi, tali og framburði og geta einnig haft áhrif á boðskipti þeirra (Sigríður Lóa Jónsdóttir, 2014). Einnig geta utanaðkomandi aðstæður haft áhrif á tjáningu einstaklinga og geta óhefðbundnar tjáskiptaleiðir nýst þeim þar. Einstaklingar sem hafa lent í slysum, sem valda skaða á heilastarfsemi geta einnig notið góðs af þeim. Þegar kemur að notkun óhefðbundinna tjáskiptaleiða fer það eftir getu og færni einstaklings sem nýtir þær, hvaða leið hentar best (ISAAC, e.d.). Rannsóknir hafa sýnt fram á, að einstaklingar sem hafa orðið fyrir heilaskaða hafa getað nýtt hátækni tjáskiptaleiðir, þar á meðal tjáskiptatölvur. Það sem hátækni tjáskiptaleiðir hafa fram yfir lágtækni, er að hægt er að einstaklingsmiða tjáskiptatölvuna að einstaklingnum og eru þær oft á tíðum aðgengilegri en lágtækni tjáskiptaleiðir (Eliyas og Balasubramanian, 2021).

Eins og áður hefur komið fram eiga sum börn með einhverfu í erfiðleikum með að tjá sig. Þau hafa því tök á að nýta óhefðbundnar tjáskiptaleiðir og fer eftir getu og færni barns hvaða leið hentar best. Tjáskiptaleiðin PECS (e. picture exchange communication system) er

myndrænt boðskiptakerfi, sem einstaklingar með einhverfu á öllum aldri geta nýtt sér. Frumkvæði er megin áhersla þegar kemur að því að þjálfa leiðina og er mikilvægt að þjálfinn hafi þekkingu á boðskiptakerfinu (Guðný Stefánsdóttir, 2020). Líkt og PECS eru tjáskiptatölvur hluti af tjáskiptaleið með aðstoðartæki. Þess háttar leiðir eru afar hentugar fyrir börn með einhverfu, að taka sín fyrstu skref til tjáningar. Rannsóknir hafa sýnt fram á að hjálpartæki geta verið afar hentug og nytsamleg þegar kemur að því að kenna börnum að tjá sig (Logan o.fl., 2016). Það er afar mikilvægt að börn nýti sína tjáskiptaleið í öllum athöfnum daglegs lífs, þar á meðal í skóla.

2.3 Óhefðbundnar tjáskiptaleiðir í skólastarfi

Það er mikilvægt að skólakerfið styðji við nemendur sem nýta óhefðbundnar tjáskiptaleiðir til tjáningar. Í Aðalnámskrá grunnskóla er mikil áhersla lögð á tjáningarfrelsi hvers og eins nemanda, óháð stöðu hans. Einnig er mikið talað um jafnan aðgang að námi og að það eigi að koma til móts við alla nemendur og skapa námsumhverfi, sem er uppbyggjandi og öruggt fyrir hvern og einn nemanda (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013).

Þátttaka í skólasamfélaginu er svo miklu meira en að taka þátt í kennslustundum. Grunnskólinn er vettvangur þar sem nemendur mynda félagsleg tengsl, sem geta fylgt þeim út ævina og því mikilvægt að allir fái jöfn tækifæri á að upplifa þau. Nemendur sem nota óhefðbundnar tjáskiptaleiðir verða hins vegar fyrir hindrunum tengdum félagslegum þáttum innan skólans. Nemendur sem þurfa á tjáskiptatölvu að halda, finnst oft á tíðum erfitt að taka þátt í samræðum við aðra. Er það vegna vanþekkingar meðal ófatlaðra nemenda á óhefðbundnum tjáskiptaleiðum. Það getur valdið litlu sjálfstrausti fatlaðra nemenda og dregur úr vilja þeirra í að taka þátt í félagslegum samskiptum við aðra nemendur (Østvik o.fl., 2018). Í Aðalnámskrá grunnskóla kemur skýrt fram, að allir eiga rétt á því að taka þátt í skólastarfi og er því hlutverk fagaðila að sjá til þess að stuðla að þátttöku nemenda með skerðingar (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013). Það er einnig skylda grunnskóla að veita öllum börnum, óháð fötlun og menningu, tækifæri á að mennta sig á árangursríkan hátt. Koma skal til móts við þarfir ólíkra nemanda og veita persónumiðaða þjónustu, sem ýtir undir styrkleika hvers og eins (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013).

Þar sem allir eiga rétt á því að mennta sig, er mikilvægt að aðstandendur og einstaklingar í teymi þeirra barna sem nýta óhefðbundnar tjáskiptaleiðir, hafi kunnáttu á efninu. Það er þó ekki alltaf raunin. Takmörkuð fræðsla er í boði fyrir þennan hóp, sem stendur næst börnum og getur hann því ekki tekið jafn mikinn þátt í eflingu á tjáningu þeirra og óskað er eftir.

3 Tjáskiptatölvur

Eins og áður hefur komið fram eru til fjölmargar leiðir til þess að tjá sig. Í þessum kafla verður fjallað nánar um tjáskiptatölvuna Tobii Dynavox og forritið Snap Core sem er viðfangsefni handbókarinnar.

Rannsóknir hafa sýnt fram á, að hægt er að nýta tækni til þess að gera aðgengi að óhefðbundnum tjáskiptaleiðum greiðari fyrir stærri hóp af einstaklingum. Nú til dags er til fjöldinn allur af forritum og vefsíðum, sem hægt er að nota til þess að koma tjáningu einstaklinga áleiðis til annarra og hefur það reynst mjög vel. Með því að nýta tæknina hefur nýr heimur opnast fyrir einstaklinga, sem nota óhefðbundnar leiðir til tjáningar og getur það komið í veg fyrir hindranir sem verða oft á tíðum á vegi þeirra í samfélaginu (Light og McNaughton, 2013). Það eru margir áhrifaþættir sem huga þarf að þegar tekin er ákvörðun um hvaða tjáskiptaleið barn með skerðingu þarf á að halda. Það getur farið eftir eiginleikum barnsins, eins og hreyfigetu, vitsmunaproska og samskiptahæfni sem nú þegar er til staðar. Einnig getur staða fjölskyldunnar haft áhrif. Þekking og færni á mismunandi tjáskiptaleiðum er afar mikilvæg, þegar kemur að því að finna hentugustu tjáskiptaleiðina fyrir barnið. Einnig getur fjárhagsstaða og stuðningur haft áhrif á valið. Þegar unnið er að því að finna hvaða tjáskiptaleið hentar best, er mikilvægt að notandinn fái tækifæri til að prófa sig áfram til þess að finna hvaða tjáskiptaleið uppfyllir hans kröfur og getu þegar kemur að tjáningu (Marshall og Goldbart, 2008).

3.1 Tobii Dynavox

Tobii Dynavox er alþjóðlegt fyrirtæki sem framleiðir tjáskiptatölvur og forrit sem einstaklingar, sem nýta óhefðbundnar tjáskiptaleiðir geta notað. Fyrirtækið hefur verið starfrækt í mörg ár og er með stóran markað um allan heim (Tobii Dynavox, e.d.- a). Tjáskiptatölvurnar henta fyrir einstaklinga með einhverfu og aðrar skerðingar, sem geta haft áhrif á mál og tjáningu þeirra. Markmið fyrirtækisins er að nýta tæknina til þess að veita þessum hópi fólks rödd, svo það geti tekið fullan þátt í samfélaginu og lifað sínu lífi eftir eigin höfði (Tobii Dynavox, e.d.- b).

Tölvur frá Tobii Dynavox eru hannaðar á þann hátt, að þær séu einfaldar í notkun og það geti hver sem er nýtt sér þær, með því að kynna sér notkun þeirra. Hugsað er að tölvurnar séu tæki fyrir einstaklinga, til þess að taka með sér út í lífið og til þess að geta tekið þátt í samfélaginu án hindrana (Tobii Dynavox, e.d.- b). Hægt er að velja um margar mismunandi leiðir til þess að nota tjáskiptatölvurnar, til dæmis nota fingur, augun, penna o.s.frv. Það fer alveg eftir getu einstaklingsins og hvaða leiðir hentar honum best (Tobii Dynavox, e.d.-b). Tæknin er orðin mjög nútímavædd og er boðið upp á íslenskan talgervil, sem hægt er að

nota til þess að tala með tölvunni (Öryggismiðstöðin, e.d.). Þetta gerir því breiðari hópi kleift að nýta sér þessa tækni. Tobii Dynavox tölvan býður einnig upp á fjöldann allan af forritum sem hægt er að nota fyrir tjáskipti og fer eftir getu einstaklings hvaða forrit er notað (Tobii Dynavox, e.d.-b). Þar sem handbókin fjallar eingöngu um forritið Snap Core, mun vera nánari umfjöllun um það í næsta kafla.

3.1.1 Snap Core

Forritið Snap Core er afar auðvelt og kjörið sem fyrstu skref einstaklings sem ætlar að nýta tjáskiptatölvuna Tobii Dynavox til tjáningar. Forritið er einfalt en öflugt og er hannað á þann hátt að það sé aðgengilegt fyrir allan aldur (Tobii Dynavox, e.d.-c). Hægt er að persónumiða tölvuna að færni og getu notandans. Helstu lykilþættir í forritinu eru hversu breytilegar stillingarnar geta verið. Mögulegt er að stilla stærð gluggana sem orðin birtast í, svo þau henti fyrir stærri hóp einstaklinga og leggja áherslu á ákveðin orð, sem unnið er með. Einnig er hægt að búa til nýjar síður um fjölskyldu barnsins, bestu vini o.s.frv. Þannig er hægt að nýta tölvuna, bæði í skólanum og heima við og búa til samræður um daginn og veginn (Tobii Dynavox, e.d.-c).

3.2 Áskoranir

Eins nytsamleg og þægileg tæknin er orðin í dag, mæta foreldrar barna sem nýta tjáskiptatölvur til tjáningu, áskorunum í daglega lífinu. Tæknin sem fylgir tjáskiptatölvum getur oft á tíðum verið yfirþyrmandi, þar sem mikil ábyrgð er lögð á herðar foreldranna (McNaughton o.fl., 2009). Foreldrar ásamt fagfólki eiga að vera helstu fyrirmyndir barnsins við notkun á tjáskiptatölvum og því mikilvægt að þau hafi þekkingu á þeim. Hins vegar hefur komið í ljós, að foreldrum hefur fundist erfitt að læra á tjáskiptatölvur og lítið aðgengi sé að fræðslu um þær. Ef foreldrar upplifa lítið sjálfstraust til þess að nota tölvurnar, getur það komið niður á notagildi hennar hjá barninu (McNaughton o.fl., 2009).

Töluverðar áskoranir geta einnig myndast innan skólakerfisins. Fagaðilar eins og þroskaþjálfar, eiga stóran þátt í því að stuðla að valdeflingu hjá nemendum til þess að nota tjáskiptatölvuna sína eftir bestu getu. Hlutverk þroskaþjálfra nær þó lengra. Það er einnig á þeirra ábyrgð, að kynna samstarfsfólki sínu og samnemendum barnanna um mikilvægi óhefðbundinna tjáskiptaleiða og hvernig er best að stuðla að öruggu umhverfi fyrir nemendur, til þess að nýta tjáskiptatölvur sínar innan skólans (Andzik o.fl., 2017). Þegar einstaklingur er að læra nýja tjáskiptaleið getur það verið eins og að læra nýtt tungumál. Það tekur tíma og er þolinmæði lykilatriði til að sameina tækni og óhefðbundnar tjáskiptaleiðir. Afraksturinn getur hins vegar veitt afar mörgum einstaklingum rödd í samfélaginu til frambúðar (Downing, 2009).

4 Þroskaþjálfa í starfi

Fagstétt þroskaþjálfa hefur verið starfandi hér á landi frá árinu 1958. Á þeim tíma ríkti læknisfræðilegt sjónarhorn fötlunar í samfélaginu og þar með fatlað fólk álitid sem gallað. Til þess að fatlaður einstaklingur væri verðugur samfélagsþegn, þyrfti að lækna eða laga fötlun hans (Þorvaldur Kristinsson, 2015). Hins vegar eru tímarnir breyttir í dag og starfa þroskaþjálfa eftir öðru sjónarhorni. Út frá félagslegum sjónarhornum á fötlun er litið þannig á, að ábyrgðin liggur að stórum hluta hjá samfélaginu, en ekki fötluðu fólk þegar kemur að hindrunum. Lögð er áhersla á að aðlaga samfélagið að þörfum fatlaðs fólks, en ekki öfugt (Hanna Björg Sigurjónsdóttir o.fl., 2013). Þar sem þroskaþjálfa búa yfir mikilli og fjölbreyttri þekkingu á sviði mannréttinda, lagaumhverfis, uppeldis- og félagsfræða, sál- og siðfræða, geta þeir nýtt þekkingu sína á vettvangi og veitt notendum örugga og góða þjónustu. Þroskaþjálfa starfa á faglegan hátt með fötluðum einstaklingum og er sjálfræði og samfélagsþátttaka þeirra í fyrirrúmi. Starfskenning þroskaþjálfa leggur því mikla áherslu á fagmannleg vinnubrögð, réttindabaráttu og réttindagæslu og stuðla að jafnrétti í samfélaginu gagnvart fötluðu fólk (Þroskaþjálfafélag Íslands, 2007). Þroskaþjálfa hafa einnig siðareglur sem stuðla að siðferðislegri ábyrgð þeirra í starfi. Markmið siðareglanna er að þroskaþjálfa hafi heilsteyptan ramma um hvernig eigi að starfa á faglegan máta (Þroskaþjálfafélag Íslands, 2016).

Áherslur fagstéttarinnar hafa breyst til muna og starfa þroskaþjálfa í dag, á mun fjölbreyttari vettvangi. Finna má þroskaþjálfa starfandi á öllum stigum menntakerfisins, ásamt íbúðarkjörnum, félagsmiðstöðvum, vinnustöðum o.fl. (Kristín Björnsdóttir og Lilja Össurardóttir, 2015). Í þessum kafla verður greint frá störfum þroskaþjálfa í grunnskólum, hvernig skilgreiningin á *skóla án aðgreiningar* er og hversu mikilvæg snemmtæk íhlutun getur verið.

4.1 Þroskaþjálfa í grunnskólum

Þar sem þroskaþjálfa eru farnir að starfa á mun fjölbreyttari vettvangi en áður, kjósa sumir að vinna innan skólakerfisins. Samkvæmt rannsókn Kristínar Björnsdóttur og Lilju Össurardóttur (2015) starfa um 42% svarenda í rannsókninni innan menntakerfisins og þá í flestum tilfellum í grunnskólum. Þetta gefur til kynna að mikill munur er á starfsvettvangi þroskaþjálfa nú til dags og að fagþekking þeirra kemur til meiri og betri nota á fjölbreyttari hátt.

Þar sem eitt af hlutverkum þroskaþjálfa í grunnskólum er að efla þátttöku nemenda í samfélaginu, eru þeir afar mikilvægir í menntakerfinu. (Ruth Jörgensdóttir Rauterberg og Anna Björk Sverrisdóttir, 2020). Í Aðalnámskrá grunnskóla kemur skýrt fram, að hver og einn

nemandi á ávallt rétt á því að tjá sig um sínar skoðanir, hugsanir og þekkingu. Það sama á við nemendur sem tjá sig ekki á hefðbundinn hátt (Mennta- og menningarmálaráðuneytið). Proskapjálfar sem starfa með nemendum sem nýta óhefðbundnar tjáskiptaleiðir, geta því stuðlað að þátttöku nemendanna í skólastarfinu, ásamt samfélaginu á marga vegu. Tjáskipti eru lykilatriði til þess að taka þátt og því þarf að skapa öruggt og aðgengilegt umhverfi svo enginn nemandi mæti hindrunum í skólastarfi. Proskapjálfar geta einnig veitt samstarfsfólki sínu fræðslu um óhefðbundnar tjáskiptaleiðir svo að fleiri starfsmenn geti tekið þátt í að efla tjáningu nemenda. Einnig geta þér séð um að fræða aðra nemendur um óhefðbundnar tjáskiptaleiðir og mikilvægi þess að allir fái tækifæri á að tjá sig á sinn hátt, án hindrana (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013).

4.2 Skóli án aðgreiningar

Hugtakið skóli án aðgreiningar (e. inclusive education) er opinber skólastefna hér á landi og felur í sér, að skólasamfélagið sé margbreytilegt og opið fyrir fjölbreyttan hóp af nemendum. Þar er lögð áhersla á að fatlaðir nemendur séu ekki aðgreindir frá ófötluðum nemendum innan skólans og geti því tekið þátt skólasamfélaginu og öllum þeim þáttum sem því fylgir (Anna Magnea Hreinsdóttir og Hanna Ragnarsdóttir, 2019). Þörfum fatlaðra nemenda er því mætt með stuðningi, miðað við getu og færni þeirra og er skólaumhverfið aðlagð að þeim, en ekki öfugt. Þetta ýtir undir meiri þátttöku fatlaðra nemanda í skólanum og meiri þekkingu á mikilvægi þess, að hafa fjölbreytt skólasamfélag (Ruth Jörgensdóttir Rauterberg og Anna Björk Sverrisdóttir, 2020). Eins og kemur fram í 17. grein í grunnskólalögum er tekið skýrt fram, að öll börn eiga rétt á því að upplifa eðlilega skólagöngu, óháð fötlun þeirra eða sérþarfa. Skólakerfið þarf að koma til móts við þarfir þeirra, svo þau fái sömu tækifæri til menntunar og ófötluð börn (lög um grunnskóla nr. 91/2008). Tengja má þessa grein við félagsleg sjónarhorn á fötlun, þar sem skólaumhverfið þarf að líta í eigin barm og sjá hvað hægt er að gera betur svo að fatlaðir nemendur mæti engum hindrunum (Hanna Björg Sigurjónsdóttir o.fl., 2013). Einnig kemur fram í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, að fötluð börn fái stuðning sem hæfir þeirra þörfum og einstaklingsmiðuð þjónustu sé nýtt. Með því er hægt að stuðla að meiri samfélagsþátttöku og að fötluð börn séu ekki aðgreind frá samfélaginu. Skólinn á einnig að stuðla að öruggu umhverfi þar sem aðilar innan skólakerfisins séu meðvitaðir um mikilvægi óhefðbundinna tjáskiptaleiða. Það gerir fötluðum nemendum kleift að taka meiri þátt ef þekking og fræðsla um óhefðbundnar tjáskiptaleiðir er til staðar (samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, 24.grein/2007).

4.3 Snemmtækur stuðningur

Í lögum um samþættingu á þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021 kemur fram hugtakið snemmtækur stuðningur. Skilgreiningin á hugtakinu er sú, að fyrsta stig þjónustu í farsæld barna eigi að innihalda snemmtækan stuðning. Þar eru hagsmunir barnsins í fyrirrúmi og á að veita einstaklingsmiðaða þjónustu (lög um samþættingu á þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021). Hugtakið snemmtækur stuðningur er heldur víðara hugtak en snemmtæk íhlutun. Markmiðið með snemmtækum stuðning er að veita barni þá þjónustu sem þörf er á. Snemmtæk íhlutun er þó skilyrði þegar barn þarf á sértækari stuðning að halda (þingskjal nr. 2331/2020-2021). Í þessum kafla mun vera notast við hugtakið snemmtæk íhlutun.

Frá unga aldri meðtaka börn umhverfið sitt vel og þroskast með því að eiga í samskiptum við aðra, hvort sem það eru foreldrar, ættingjar, önnur börn eða starfsmenn leikskólans. Þegar ung börn greinast með þroskafrávik er mikilvægt að gripið sé fljótt og örugglega inn í, svo þau hafi jöfn tækifæri á að þroskast í takt við jafnaldra sína (Sigríður Lóa Jónsdóttir, 2014). Snemmtæk íhlutun (e. early intervention) er hugtak sem snýst um að grípa snemma inn í hjá barni sem sýnir fram á hægari þroska en önnur börn. Lögð er áhersla á að barnið fái sértæka þjónustu eftir þörfum og í mörgum tilfellum er hægt að byrja snemmtæka íhlutun á fyrsta aldursári barnsins. Á þeim aldri eru það mun móttækilegra fyrir breytingum og aðlögun að nýrri færni. Samvinna heimilis og skóla skiptir miklu máli þegar kemur að snemmtækri íhlutun og því mikilvægt að allir sem koma að barninu, séu á sömu blaðsíðu hvað varðar markmið þess (Sigríður Lóa Jónsdóttir, 2014). Þegar kemur að snemmtækri íhlutun þarf að hafa markmið hvers barns að leiðarljósi. Hjá barni með einhverfu er oft á tíðum lögð áhersla á sjálfstæði og félagsfærni. Þessi færni er ekki sjálfgefin, þar sem börn með einhverfu eiga erfitt með félagsleg samskipti og mannleg tengsl (Sigríður Lóa Jónsdóttir, 2014).

Þegar kemur að snemmtækri íhlutun og félagslegum samskiptum, eru ákveðin grunnfærnisvið sem þurfa að vera í markmiðum barna með einhverfu. Grunnfærnisviðin eru fimm og stuðla að auknum þroska í félagsfærni barna.

Fyrsta færnisviðið felur í sér getuna til að beina athyglinni að þáttum í umhverfinu sem hafa þýðingu fyrir það hvernig börn afla sér upplýsinga og læra [...]. Annað færnisviðið er getan til að herma eftir öðrum [...]. Þriðja færnisviðið er getan til að skilja og nota mál [...]. Fjórða færnisviðið er getan til að nota leikföng á viðeigandi hátt [...]. Fimmta færnisviðið er getan til að eiga í félagslegum samskiptum við aðra. (Sigríður Lóa Jónsdóttir, 2014).

Getan til þess að skilja og nota mál er afar þörf færni og því mikilvægt að öll börn geti æft sig í því óháð fötlun. Einnig getur getan til þess að eiga í félagslegum samskiptum við aðra haft áhrif á félagsleg tengsl barna með einhverfu. Án þeirra tjáskiptaleiða, eiga þau erfitt með að eiga í samskiptum við jafnaldra sína og getur það valdið félagslegri einangrun. Með því að gera grein fyrir snemmtækri íhlutun í óhefðbundnum tjáskiptaleiðum, er leiðin greiðari fyrir börn sem þurfa á þeim að halda, til þess að taka þátt í samfélaginu (Sigríður Lóa Jónsdóttir, 2014).

5 Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks

Sameinuðu þjóðirnar gerðu samning um réttindi fatlaðs fólks sem öll aðildarríki eiga að framfylgja. Markmið samningsins er að tryggja réttindi fatlaðs fólks og lögð er áhersla á að fatlað fólk njóti sömu réttinda og ófatlað fólk. Ísland skrifaði undir samninginn árið 2007 og var hann fullgildur hér á landi árið 2016. Enn er unnið að því að lögfesta samninginn. Þegar samningurinn verður lögfestur, tryggir hann að réttindum fatlaðs fólks sé ávallt framfylgt. Þá verður íslenska ríkið skuldbundið að fylgja honum (Stjórnarráð Íslands, e.d.).

5.1 Réttindi til tjáningar

Í 2. grein er hugtakið samskipti skilgreint. Samskipti geta meðal annars þýtt tungumál, blindraletur og táknmál, sem má flokka undir óhefðbundnar tjáskiptaleiðir (samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, 2. grein/2007). Lykilatriði samningsins er að fatlað fólk fái að taka ákvarðanir um sitt eigið líf og unnið sé að útrýma hindrunum í samfélaginu (samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, 3. grein/2007). Mikilvægt er að fatlað fólk sé upplýst um þá þjónustu og þá tækni sem hægt er að nýta sem hjálpartæki við samskipti (samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, 4. grein/2007). Þar sem sjálfræði fatlaðs fólks er meginmarkmið með samningnum, er krafa gerð um að aðgengi að samskiptatækjum sé óheft, þar sem tjáning er afar stór þáttur í sjálfræði einstaklinga (samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, 9. grein/2007). Fram kemur í 21. grein samningsins að fatlað fólk eigi ávallt að hafa tækifæri að nýta rétt sinn til þess að tjá sínar hugsanir og skoðanir. Þar sem fatlað fólk getur notast við mismunandi tjáskiptaleiðir skulu allar tegundir þeirra vera samþykktar og lögð áhersla á að einstaklingar sem starfa með fötluðu fólki, kynni sér viðeigandi tjáskiptaleiðir (samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, 21. grein/2007). Hvatt er til betra aðgengis fatlaðs fólks til þess að leita sér upplýsinga í samfélaginu. Þar með eru einkafyrirtæki hvött til þess að hafa upplýsingar um þjónustu þeirra, aðgengilegar á fleiri vegu svo að stærri hópur geti nýtt sér þær (samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, 21. grein/2007).

5.2 Menntun

Allir einstaklingar eiga rétt á því að fá fullnægjandi menntun á hverju skólastigi óháð fötlun. Í 24. grein samnings Sameinuðu þjóðanna kemur fram að fatlaðir einstaklingar eiga ekki að mæta hindrunum innan skólakerfisins, tengt fötlun þeirra. Hægt er að koma í veg fyrir hindranir með því að stuðla að skólaumhverfi, þar sem allir fá tækifæri á því að mennta sig óháð fötlun. Menntakerfið á að styrkja fatlað fólk og auka mannlega getu þess, ásamt því að réttindum þeirra sé framfylgt (samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, 24. grein/2007). Skólaumhverfið á einnig að vera vettvangur til þess að stuðla að virkni

fatlaðs fólks í samfélaginu og tryggja fulla samfélagsþátttöku þess. Virða skal hugsanir, skoðanir og frelsi þess, til að tjá sig og tekið sé mark á þeim, óháð fötlun (samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, 24. grein/2007). Ásamt þessum þáttum, kemur skýrt fram að fatlaðir einstaklingar innan menntakerfisins, eiga að hljóta fullan stuðning eftir þeirra þörfum. Nám skal vera aðlagð að þeirra styrkleikum svo fatlaðir nemendur finni fyrir hvatningu til þess að auka færni sína í bóklegu og félagslegu námi. Koma þarf til móts við fatlaða nemendur, sem nota óhefðbundnar tjáskiptaleiðir og hvetja starfsfólk til þess að kynna sér mismunandi leiðir til tjáningar (samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, 24. grein/2007).

Þar sem óhefðbundnar tjáskiptaleiðir eiga stóran þátt í lífi fatlaðs fólks þá geta þær verið afar þýðingamiklar fyrir samfélagsþátttöku þess. Einstaklingar í lífi fatlaðs fólks sem nýtir óhefðbundnar tjáskiptaleiðir þurfa að hafa aðgengi að fræðslu um tjáskiptaleiðir svo þeir geti veitt stuðning til þess að stuðla að eflingu í samfélagslegri þátttöku.

6 Handbók

Í fræðilegu umfjölluninni kom í ljós mikilvægi þess að fræðsla sé til staðar fyrir starfsfólk grunnskóla og foreldra barna, sem þurfa á óhefðbundnum tjáskiptaleiðum að halda. Með þessari greinargerð fylgir handbók um tjáskiptatölvuna Tobii Dynavox og forritið Snap Core. Hugsunin var að gefa út fræðslu um tjáskiptatölvur, þar sem höfundur hefur sjálfur upplifað vöntun á henni út á vettvangi. Höfundur hefur starfað náið með einstaklingum sem nota þá tjáskiptaleið með aðstoð tölvu og gat hvergi nálgast neitt fræðsluefni um það á íslensku. Handbókin var unnin í forritinu Canva.com. Ástæðan fyrir valinu á því forriti er sú að höfundur kannast vel við það og hefur notað það bæði í starfi og námi.

6.1 Markhópur og markmið

Markhópur handbókarinnar eru starfsfólk og foreldrar, sem vinna með eða eiga börn sem nýta tjáskiptatölvuna til þess að tjá sig. Eins og komið hefur fram, er ekki mikið um aðgengilega og hnitmiðaða fræðslu um óhefðbundnar tjáskiptaleiðir og mikilvægi þeirra. Það getur verið flókið að kenna börnum að nota nýja tjáskiptaleið og er mikilvægt að þolinmæði sé í fyrirrúmi. Markmiðið með gerð handbókarinnar, var að hanna skýra og aðgengilega bók, þar sem helstu upplýsingar eru til staðar um hvernig hentugast er að vinna með börnum sem nota forritið Snap Core og tjáskiptatölvuna Tobii Dynavox. Einnig eru leiðbeiningar um helstu stillingar sem gott er að vita til þess að einstaklingsmiða tölvuna að hverju barni. Margt þarf að hafa í huga þegar unnið er með börnum á tiltekna tölvu og mikilvægt að gera grein fyrir þeim þáttum.

6.2 Uppsetning

Í byrjun handbókarinnar er inngangur, þar sem kynnt verður innihald handbókarinnar og markmiðið með gerð hennar. Næst er fræðilegur kafli um óhefðbundnar tjáskiptaleiðir og mikilvægi þeirra. Einnig er umfjöllun um hverjir nýta óhefðbundnar tjáskiptaleiðir og hvernig starfsfólk grunnskóla getur stuðlað að valdeflingu nemenda sem nota tjáskiptatölvuna í daglegu lífi. Næsti fræðilegi kafli er um réttindi fatlaðs fólks til tjáningar. Á eftir honum kemur kafli um tjáskiptatölvur, þá forritið Snap Core í Tobii Dynavox tölvum. Þar verður umfjöllun um hvernig á að kenna á tjáskiptatölvur og farið í þá helstu þætti sem hafa þarf í huga. Einnig verður fjallað um helstu áskoranir sem geta haft áhrif á kennslu og notkun tjáskiptatölvunnar. Þegar fræðilegi kafli er búinn hefst kafli um leiðbeiningar um fyrstu skref við notkun á Tobii Dynavox tölvu og Snap Core forritinu. Ítarlega verður farið í allar grunnstillingar og hvernig forritið er notað. Í lokin verður blaðsíða tileinkuð auka fræðslu, sem hægt er að leita í til þess að auka kunnáttu sína á óhefðbundnum tjáskiptaleiðum.

7 Umræður

Hugmyndin af því að gera lokaverkefnið mitt í þroskaþjálfrafræði um óhefðbundnar tjáskiptaleiðir var alltaf til staðar hjá mér en ég var ekki viss hvernig best væri að takmarka efnið og hvað ég ætti að einblína á. Ég hef mikið lagt upp úr því að allir eigi sama rétt á því að tjá sig, óháð fötlun. Með samtali við samstarfsfólk komst ég að þeirri niðurstöðu að leggja áherslu á Tobii Dynavox tjáskiptatölvuna og forritið Snap Core. Mín reynsla af vettvangi er sú, að það tekur langan tíma að læra á tjáskiptatölvuna, til þess að geta stutt við nemendur sem eru að læra að nota hana til að tjá sig. Engin hnitmiðuð og aðgengileg fræðsla var til staðar þegar ég þurfti á henni að halda og fannst mér það ábótavant. Við vinnslu á verkefninu kom því betur í ljós, að mikil vöntun er á fræðslu um óhefðbundnar tjáskiptaleiðir.

Rannsóknir hafa einmitt sýnt fram á það, að tjáskiptatölvur hafa stuðlað að meiri þátttöku fatlaðs fólks í samfélaginu, þar sem meiri vitundarvakning hefur átt sér stað. Þetta er afar jákvætt skref og mun leiða til samfélags án aðgreiningar (Light og McNaughton, 2013). Tjáskiptatölvur ættu að henta fjölbreyttum hópi fólks á öllum aldri, þar sem hægt er að persónumiða þær að hverjum og einum notanda. Það fer alveg eftir færni og getu hvers einstaklings og er um að gera að prófa sig áfram og sjá hvernig einstaklingurinn vill hafa tölvuna. Hún á að stuðla að opnari samskiptum svo að einstaklingurinn geti látið rödd sína heyrast og haft áhrif á álitamál í samfélaginu (Downing, 2009). Það er afar jákvætt ef börn sem tjá sig ekki með tali, geti og fái aðgengi að tjáskiptaleið sem hentar þeim. Því fyrr sem gripið er inn í, því meiri árangur mun nást. Þegar börn eru ung eru þau mun móttækilegri fyrir breytingum og því auðveldara að kenna þeim nýja tækni (Sigríður Lóa Jónsdóttir, 2014). Tæknin getur verið flókin og er þolinmæði afar mikilvægt verkfæri í ferlinu. Með þolinmæði er hægt að vinna þrautir margar og hafa þarf í huga, að ekki er stórmál ef mistök eru gerð. Mistök eru oft á tíðum mikið lærdómstækifæri og um að gera að læra af þeim, í stað þess að fara í baklás og leyfa neikvæðni að taka yfir.

8 Lokaorð

Eins og hefur komið fram í greinargerðinni eru tjáskipti lykilatriði í mannlegum samskiptum og í félagslegri tengslamyndun. Einstaklingar sem nýta óhefðbundnar tjáskiptaleiðir lenda oft á veggjum í samfélaginu, þegar ekki er næg þekking á tjáskiptaleið þeirra og getur það valdið mikilli vanlíðan og einangrun. Samfélagið sem heild ætti að sjá til þess, að fræðsla um óhefðbundnar tjáskiptaleiðir sé aðgengilegar þar sem hún getur skipt sköpum þegar kemur að því að vekja athygli á þeim. Ef fræðslan er til staðar gerir það foreldrum og fagfólki í teyllum barns sem notar óhefðbundnar tjáskiptaleiðir, auðveldara með að efla tjáningu þess. Þegar kemur að því að kenna barni nýja tjáskiptaleið eru aðstandendur og fagfólk helsta fyrirmynd þess. Þessir aðilar í lífi barnsins eiga að stuðla að öruggu umhverfi svo að það hafi tækifæri á að efla tjáskipti sín. Það skiptir hinsvegar miklu máli hvernig fræðslan er. Fræðslan þarf að vera hnitmiðuð, skýr og hvetjandi þar sem oft á tíðum getur verið yfirþyrmandi að læra nýja tjáskiptaleið, bæði fyrir barnið og aðra í lífi þess. Jákvæðni og þolinmæði er lykilatriði þegar kemur að ferlinu og þurfa aðstandendur að finna fyrir hvatningu og stuðning í gegnum það. Allir aðilar í lífi barnsins þurfa að vera meðvitaðir um þá tjáskiptaleið sem það notar og taka þátt í að efla tjáningu þess. Góð og viðeigandi fræðsla er því afar mikilvæg og gerir foreldrum kleift að taka meiri þátt í tjáningu barns síns og efla samskiptahæfni þess. Öll eigum við sama rétt á því að tjá okkur, hvort sem það er með tali eða óhefðbundnum tjáskiptaleiðum.

Heimildaskrá

- Andzik, N. R., Chung, Y.C., Doneski-Nicol, J. og Dollarhide, C. T. (2017). AAC services in schools: a special educator's perspective. *International Journal of Developmental Disabilities*, 1-9. <https://doi.org/10.1080/20473869.2017.1368909>
- Anna Magnea Hreinsdóttir og Hanna Ragnarsdóttir. (2019). Að tilheyra, taka þátt og læra í leikskóla margbreytileikans. Evrópuverkefni um menntun ungra barna án aðgreiningar. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun: Menntavísindasvið Háskóla Íslands*. 1-19. <https://netla.hi.is/greinar/2019/ryn/07.pdf>
- Downing, J. E. (2009). Assessment of early communication skills. Í Soto, G. og Zangari, C. (ritstjórar), *Practically Speaking: Language, Literacy & Academic Development for Students with AAC Needs* (bls 27-47). Paul H Brookes Publishing co.
- Eliyas, M. og Balasubramanian, S.(2021). AAC intervention for stroke survivors – An anomic aphasic case study. *International Journal of Health Sciences and Research*, 11(12), 152-156. <https://doi.org/10.52403/ijhsr.20211220>
- Guðný Stefánsdóttir. (2020). PECS. Greining.is. <https://www.greining.is/is/fraedsla-og-namskeid/thjalfunar-og-kennsluadferdir/pecs-myndraent-bodskiptakerfi>
- Hanna Björg Sigurjónsdóttir, Ármann Jakobsson og Kristín Björnsdóttir. (2013). Inngangur: Rannsóknir á fötlun og menningu. Í Hanna Björg Sigurjónsdóttir, Ármann Jakobsson og Kristín Björnsdóttir (ritstjórar). *Fötlun og menning: Íslandssagan í öðru ljósi* (bls. 7–26). Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands og Rannsóknarsetur í fötlunarfræðum.
- Hourcade, J., Pilotte, T.E., West, E. og Parette, P. (2004). A history of augmentative and alternative communication for individuals with severe and profound disabilities. *Focus on Autism and Other Developmental Disabilities*, 19(4), 235-244. <https://doi.org/10.1177/10883576040190040501>
- ISAAC. (e.d.). *Who benefits?* Isaac-online.org. <https://isaac-online.org/english/what-is-aac/who-benefits/>
- Jóna G. Ingólfssdóttir. (2010). Mikilvægi óhefðbundinna tjáskiptaleiða í skólastarfi. *Ráðstefnurit Netlu – Menntavika 2010*. 1-6. <https://netla.hi.is/serrit/2010/menntavika2010/alm/018.pdf>
- Kristín Björnsdóttir og Lilja Össurardóttir. (2015) Hver er lögsaga þroskaþjálfara? Starfsvettvangur, menntun og viðhorf þroskaþjálfara. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og*

menntun: Sérarit 2015 – Hlutverk og menntun þroskaþjálfara. 1-28.

<https://skemman.is/bitstream/1946/24425/1/004%20%281%29.pdf>

Light, L. og McNaughton, D. (2013). Putting people first: Re-thinking the role of technology in augmentative and alternative communication intervention. *Augmentative and Alternative Communication*, 29(4), 299-309.

<https://doi.org/10.3109/07434618.2013.848935>

Light, L. og McNaughton, D. (2014). Communicative competence for individuals who require augmentative and alternative communication: A new definition for a new era of communication? *Augmentative and Alternative Communication*, 30(1), 1-18.

<https://doi.org/10.3109/07434618.2014.885080>

Light, J., McNaughton, D., Beukelman, D., Fager, S.K., Fried-Oken, M., Jakobs, T. og Jakobz, E. (2019). Challenges and opportunities in augmentative and alternative communication: Research and technology development to enhance communication and participation for individuals with complex communication needs. *Augmentative and Alternative Communication*, 35(1), 1-12. <https://doi.org/10.1080/07434618.2018.1556732>

Logan, K., Iacono, T. og Trembath, D. (2016). A systemic review of research into aided AAC to increase social-communication functions in children with autism spectrum disorder. *Augmentative and Alternative Communication*, 33(1), 51-64.

<https://doi.org/10.1080/07434618.2016.1267795>

Shane, H.C., Blackstone, S., Vanderheiden, G., Williams, M. og DeRuyter, F. (2012). Using AAC technology to access the world. *Assistive Technology: The Official Journal of RESNA*, 24(1), 3-13. doi.org/10.1080/10400435.2011.648716

Lög um grunnskóla nr. 91/2008.

Lög um samþættingu á þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021

Marshall, J. og Goldbart, J. (2008). „Communication is everything I think.“ Parenting a child who needs augmentative and alternative communication (AAC). *International Journal of Language and Communication Disorders*, 43(1), 77-98.

<https://doi.org/10.1080/13682820701267444>

McNaughton, D., Rackensperger, T., Benedek-Wood, E., Krezman, C., Williams, M. B. og Light, J. (2009). „A child needs to be given a chance to succeed“: Parents of individuals who use AAC describe the benefits and challenges of learning AAC technologies.

Augmentative and Alternative Communication, 24(1), 43-55.

<https://doi.org/10.1080/07434610701421007>

- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2013). *Aðalnámskrá grunnskóla*. Mennta- og menningarmálaráðuneytið.
- Ruth Jörgensdóttir Rauterberg og Anna Björk Sverrisdóttir. (2020). Reynsla og upplifun þroskaþjálfara í grunnskóla af áhrifum COVID-19 faraldursins á þjónustu við nemendur. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun: Sérít 2020 – Menntakerfi og heimili á tímum COVID-19*. 1-21. https://netla.hi.is/serrit/2020/menntakerfi_heimili_covid19/06.pdf
- Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, 2. grein/2007
- Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, 3. grein/2007
- Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, 4. grein/2007
- Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, 9. grein/2007
- Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, 21. grein/2007
- Sigríður Lóa Jónsdóttir. (2014). Snemmtæk íhlutun. Í Sigríður Lóa Jónsdóttir og Evald Sæmundsen (ritstjórar), *Litróf einhverfunnar* (207-226). Háskólaútgáfan.
- Stjórnarráð Íslands. (e.d.). *Samningur sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks*. <https://www.stjornarradid.is/verkefni/mannrettindi-og-jafnretti/mannrettindi/althjodlegir-mannrettindasamningar/rettindi-fatlads-folks/>
- Tobii Dynavox. (e.d.). *Power to be you*. TobiiDynavox.com <https://www.tobiidynavox.com/pages/power-to-be-you>
- Tobii Dynavox. (e.d.). *What is TD Snap Core first?* TobiiDynavox.com <https://www.tobiidynavox.com/pages/td-snap-core-first>
- Öryggismiðstöðin. (e.d.). *Tjáskiptalausnir til tjáskipta*. Öryggi.is. <https://www.oryggi.is/is/velferdarlausnir/umhverfis-og-tjaskiptalausnir>
- Østvik, J., Balandin, S. og Ytterhus, B. (2018). Interactional facilitators and barriers to social relationships between students who use AAC and fellow students. *Society, Health & Vulnerability*, 9(1), 1-14. <https://doi.org/10.1080/20021518.2018.1438692>
- Þingskjal nr. 2331/2020-2021. Umsögn umboðsmanns barna vegna breytingar á lögum um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, 561. mál.
- Þorvaldur Kristinsson. (2015). *Þroskaþjálfar á Íslandi: Saga stéttar í hálfra öld*. Þroskaþjálfafélag Íslands.
- Þroskaþjálfafélag Íslands. (2007, 3. maí). *Starfskenning þroskaþjálfara*. Þroska.is. <http://www.throska.is/is/um-felagid/thi/starfskenning-throskathjalfa>

Þroskaþjálfafélag Íslands. (2016). *Síðareglur þroskaþjálfara og síðfræðileg viðmið samþykktar*
25. maí 2016. Þroska.is. <http://www.throska.is/is/um-felagid/thi/sidareglur>